

AUGLÝSING

um hámarkshraða.

Ákvæði um hámarkshraða ökutækja á Suðurlandsvegi (1), Vesturlandsvegi (1), Reykjanesbraut (41) og Grindavíkurvegi (43), sem gilda á tímabilinu frá 1. maí til 30. september, sbr. auglýsingar um hámarkshraða nr. 108 16. júní 1966, 252 16. ágúst 1973 og 363 1. ágúst 1975, skulu gilda allt árið.

Ennfremur breytast ákvæði auglýsingar nr. 252 16. ágúst 1973 þannig að hámarkshraða-ákvæðin gilda á Suðurlandsvegi (1) frá vegamótum við Arnarnesveg (411) og á Vesturlandsvegi (1) frá vegamótum við Stuðlaháls í Reykjavík.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. apríl 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um að reglur nr. 80 1. júní 1954 um flutning á ammoniumnitrátáburði í skipum falli úr gildi.

1. gr.

Reglur nr. 80 1. júní 1954 um flutning á ammoniumnitrátáburði í skipum eru hér með felldar úr gildi.

2. gr.

Auglýsing þessi birtist samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. apríl 1986.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.